

Tilmæli 32/2018

Fyrri skjalsnúmer	A 1776/holdbart
Afgreiðsla	Norræna sjálfbærninefndin
Fylgiskjal	Nefndartillaga um áhrif Norðurlanda í viðræðum um alþjóðlegan samning Sameinuðu þjóðanna um líffræðilegan fjölbreytileika

Áhrif Norðurlanda í viðræðum um alþjóðlegan samning Sameinuðu þjóðanna um líffræðilegan fjölbreytileika

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 31. október 2018 eftirfarandi tilmæli að tillögu norrænu sjálfbærninefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að þær efni til viðburða fyrir ungt fólk og virki þannig unga fólkið í starfi að alþjóðlegum samningi um líffræðilegan fjölbreytileika með mið af sameiginlegu norrænu fyrirkomulagi varðandi þátttöku ungs fólks;

að þær leggi sitt af mörkum og eigi samstarf við Norrænu ráðherranefndina um að halda viðburði til að virkja ungt fólk til þátttöku á alþjóðavettvangi.

Kaupmannahöfn, 6. nóvember 2018

Michael Tetzschner

Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs